

## Alfesca býður nýjan fjárfesti frá Katar velkominn

Í framhaldi af tilkynningu stjórnar Alfesca 27. maí sl. er nú hægt að upplýsa að Alfesca gerði í dag samkomulag við ELL162 ehf, sem er eignarhaldsfélag hans hátignar Sheikh Mohamed bin Khalifa Al-Thani, um að eignarhaldsfélagið muni skrá sig fyrir 850,000,000 nýjum hlutum af höfuðstól félagsins.

Nýju bréfin verða gefin út á áskriftarverði sem er 6,45 ISK fyrir hvern hlut og eftir þessa aukningu verður þarna um að ræða 12,6% eignarhlut í félaginu. Áskriftin er háð skilyrðum, m.a. um að Alfesca birti útgáfulýsingu (prospectus). Gert er ráð fyrir að fjárfestingunni verði lokið innan 8 vikna.

Þessi fjárfesting kemur í kjölfar þess að aðilar hafa átt í nánum viðræðum og byggt upp samband undanfarin tvö ár. Stjórn Alfesca býður hans hátign hjartanlega velkominn í hluthafahópinn en framundan eru spennandi tímar við að þróa Alfesca frekar.

### Frekari upplýsingar veitir:

Antony Hovanessian

Framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar

+354 477 7000

### Um Alfesca

Alfesca er í fremstu röð matvælaframleiðenda í Evrópu á þeim sviðum sem fyrirtækið starfar. Megin stoðirnar í starfsemi félagsins eru fjórar: reyktur lax og annar fiskur, andalifur (foie gras) og andakjöt, rækjur og annar skelfiskur og pönnukökur (blini) og smurvörur ásamt ídýfum. Vörur fyrirtækisins eru seldar undir vörumerkjum þess eins og Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia, Lyons og Farné. Fyrirtækið framleiðir einnig töluvert fyrir vörumerki annarra einkum í Bretlandi, Frakklandi og Spáni. Árleg velta er um 616 milljónir Evra og starfsmenn eru um 3,500

Alfesca er skráð í OMX Nordic Exchange, norrænu kauphöllinni á Íslandi sem er hluti af NASDAQ OMX Group Inc. (OMX: A).

Upplýsingar um Alfesca er að finna á [www.alfesca.com](http://www.alfesca.com).

Fréttatilkynning þessi er birt bæði á ensku og íslensku. Ef um misræmi er að ræða gildir enski textinn.